

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Krossaness, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 20. janúar 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Krossanesi. Breytingin felst í því að Laxá hf. er afmörkuð viðbótarlóð til norðurs og austurs að götunni Brimnesi, um 5.000 m² að stærð, og er þar afmarkaður byggingarreitur og ákveðin hámarkshæð bygginga.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 2. febrúar 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.